

## REGLUR UM NIÐURGREIÐSLU Á DAGGÆSLU Í HEIMAHÚSUM

Gildistími frá 1. janúar 2012.

1. Rétt til niðurgreiðslu hafa allir foreldrar sem eiga lögheimili í Svalbarðsstrandarhreppi sem vista börn sín hjá dagforeldrum sem hafa staðfest leyfi til daggæslu.
2. Við upphaf gæslunnar skal sótt um niðurgreiðslu á þar til gerðum eyðublöðum. Eyðublöðin liggja frammi á skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps, Ráðhúsinu, Svalbarðseyri.
3. Allir foreldrar þurfa að endurnýja umsókn um niðurgreiðslu í september ár hvert og / eða ef mánaðar hlé eða lengra verður á gæslunni, ef skipt er um dagforeldri eða ef gæslutími breytist.
4. Daggæslugjöld eru greidd niður 11 mánuði ársins. Ekki er niðurgreitt fyrir börn af leikskólum sem dvelja í daggæslu yfir sumartímann.
5. Upphæð niðurgreiðslu miðast við þann vistunartíma sem foreldrar kaupa í daggæslu, að hámarki 8 tíma daglega. Upphæð niðurgreiðslunnar er 8.482 kr. fyrir dvalarstund á mánuði eða að jafnaði 392 kr. fyrir hverja keypta klukkustund, að hámarki 67.855 kr.
6. Foreldrar staðfesta umsaminn dvalartíma með undirskrift sinni á skráningareyðublöð eða á reikning frá dagforeldri. Kvittun frá viðkomandi dagforeldri, þarf að berast til skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps fyrir 27. dags hvers mánaðar.
7. Fjölskylduafsláttur er samtengdur milli daggæslu og leikskóla. Til að njóta fjölskylduafsláttar þurfa börnin að vera skráð á kennitölu sama forráðamanns og með sameiginlegt lögheimili.
  - Greitt er fullt gjald fyrir yngsta barn.
  - Annað barn 25% afsláttur.
  - Þriðja barn 50% afsláttur.
7. Niðurgreitt er með eftirfarandi hætti fyrir öll börn á aldrinum 6 mánaða til 6 ára, þó eigi lengur en fram að þeim tíma er barn getur innritast á leikskóla (9 mánaða).
  - Fyrir börn einstæðra foreldra og foreldra þar sem báðir aðilar eru í fullu námi sem varir í 2 ár eða lengur hefst niðurgreiðsla um mánaðarmót eftir 6 mánaða aldur barns.
  - Fyrir öll önnur börn hefst niðurgreiðsla um mánaðarmót eftir 9 mánaða aldur barns.
  - Fyrir börn sem vegna fötlunar sinnar þurfa sérstaka umönnun og taka því meira en eitt pláss í daggæslu er niðurgreitt samkvæmt reglum þessum, ásamt því að greitt er fyrir það pláss sem ekki nýtist. Ákvörðun um tímalengd sem greidd er vegna sérstakrar umönnunar er í höndum sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps í samráði við starfsmenn skóladeildar og fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar.
  - Dagforeldrar fá niðurgreitt með eigin börnum samkvæmt reglum þessum, að hámarki 8 tíma daglega, virka daga. Niðurgreiðslu skal miða við dvalartíma þess barns sem lengstan vistunartíma hefur í daggæslunni. Ef börn dagforeldra eru í leikskóla dregst dvalartíminn þar frá.
8. Verði umsækjandi uppvis að rangfærslum við tímaskráningu barna vegna niðurgreiðslu á daggæslugjöldum verður niðurgreiðslum til viðkomandi felldar niður.

Gjaldskrá samþykkt á 34. fundi Sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps 03. desember 2019.

